

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1975

29. júlí 1975.

171

Nr. 68.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna fyrirhugaðrar útfærslu íslensku fiskveiðilandhelginna í 200 mílur þann 15. október n. k., beri brýna nauðsyn til að efla Landhelgisgæsluna að tækjakosti, svo tryggja megí viðunandi eftirlit með veiðiskipum innan hinnar nýju fiskveiðilandhelgi.

Jafnframt hefur fjármálaráðherra tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að stofna til kaupa á nýrri flugvél í Hollandi til eflingar Landhelgisgæslunnar, svo og að láta framkvæma endurbætur á varðskipinu Óðni, og að taka þurfi lán til þessara framkvæmda, að hluta til erlendis.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 450 milljónir króna vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónir króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. júlí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

28. júlí 1975.

Nr. 69.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fer 30. júlí n. k. í embættiserindum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 28. júlí 1975.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

Stjórnartíðindi A 16, nr. 68—69. Útgáfudagur 31. júlí 1975.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

A 22

Endurprentað blað.